

21. gr.

31

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi búnaðarfélagsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu félagsins í hvívetna. 1. marz

22. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarfélagsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

23. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfund félagsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæða, skal stjórnin senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

24. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarfélagsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

25. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, með áorðnum breytingum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hluta eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. marz 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

32

um nýja lyfsöluskrá I.

9. marz

Frá og með 15. marz 1951 gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 8. þ. m.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 9. marz 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.